

Nr. 33/2023-2024.

Þingsályktun um stríðið í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir eftirfarandi þingsályktun: Heimsping Lútherska heimssambandsins var haldið í Krakow í Póllandi í september s.l. Þar var samþykkt að fordæma hernaðaráttök, m.a. í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs, þar sem alþjóðleg mannréttindalög eru ekki virt og grundvallarmannréttindi almennra borgara eru fótum troðin. Kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar tekur undir ályktanir systurkirkna sinna og hvetur fólkið í kirkjum landsins til að sýna samstöðu með öllum þeim sem líða og þjást vegna vopnaðra átaka og til að halda áfram að biðja fyrir friði í heiminum. Kirkjuþing kallar eftir friði og tafarlausu vopnahléi af mannúðarástæðum svo að hægt sé að sinna neyðaraðstoð og koma hjálpargögnum til þeirra sem þurfa á að halda.

*Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 30. október 2023 og
birt á opnum vef kirkjunnar 16. nóvember 2023.*

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.